

Hverfisráð Grafarholts og Úlfarsárdals

Ár 2017, mánudaginn 9. janúar var haldinn 98. fundur hverfisráðs Grafarholts og Úlfarsárdals. Fundurinn var haldinn í Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts og hófst hann kl. 17:05. Viðstaddir voru: Ragnar Karl Jóhannsson, Óttarr Guðlaugsson, Berghildur Erla Bernharðsdóttir og Gunnar Kristinsson. Einnig voru viðstödd: Kristinn Steinn Traustason fulltrúi íbúasamtaka Úlfarsárdals, Þórir Jóhannsson fulltrúi íbúasamtaka Grafarholts, og Sólveig Reynisdóttir framkvæmdastjóri þjónustumiðstöðvar Árbæjar og Grafarholts. Fundarritari var Trausti Jónsson, verkefnastjóri ÞAG.

Þetta gerðist:

1. Lagt til að fundir hverfisráðsins verði haldnir í hverfi. Óskað verði eftir húsakynnum Fram fyrir febrúarfund. Verkefnastjóra falið að kanna möguleika á því.
2. Lagt fram erindi frá umhverfis- og skipulagssviði um fyrirspurn Fjarsskipta varðandi mastur á Úlfarsfelli.

Hverfisráð Grafarholts og Úlfarsárdals leggur fram svohljóðandi bókun:

Þegar tillaga um deiliskipulag verður tekin til umsagnar ítrekar hverfisráð að deiliskipulagið verði sent hverfisráði til umsagnar.

3. Lögð fram umsögn hverfisráðs um skýrslu innri endurskoðunar um úttekt á þjónustumiðstöðvum og hverfisráðum. Samþykkt.
4. Fram fer umræða um bókun hverfisráðs um skipulag byggingareits (Þ103) við Reynisvatn frá fundi hverfisráðs 94 í september en svar hefur ekki borist.

Fundi slitið kl. 17.43

Ragnar Karl Jóhannsson

Óttarr Guðlaugsson
Gunnar Kristinsson

Berghildur Erla Bernharðsdóttir